



Félag háskólakennara

Aðalfundur Félags háskólakennara haldinn þriðjudaginn 27. maí 2014

Jörundur Guðmundsson, formaður Félags háskólakennara setti fundinn kl. 14:00. Hann lagði til að Sigríður Jónsdóttir yrði kosin fundarstjóri og var það samþykkt einróma.

Sigríður Jónsdóttir hóf fundinn og sagði að samkvæmt lögum félagsins hefði hann verið löglega boðaður með tveggja vikna fyrirvara. Þá var gengið til hefðbundinnar dagskrár aðalfundar. Dagskrá aðalfundar er samkvæmt 5. grein laga félagsins eftirfarandi:

1. Lögð fram ársskýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Ákveðið árgjald, sbr. 7. grein laga félagsins og 3. grein reglna kjaradeilusjóðs.
4. Tillögur um lagabreytingar.
5. Kosin stjórn, sbr. 9. grein.
6. Kosin kjörnefnd, sbr. 9. grein.
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
8. Kosin samninganefnd, sbr. 10. grein.
9. Önnur mál.

1. Skýrsla stjórnar.

Jörundur Guðmundsson formaður félagsins flutti skýrslu stjórnar. Í máli hans um kjaramál kom meðal annars fram að kjarasamningur Félags háskólakennara sem undirritaður var 6. júní 2011 rann út 31. janúar 2014. Það var því ljóst strax í upphafi starfsárs nýrrar stjórnar félagsins að kjaramálin yrðu fyrirferðamikil í starfinu framundan. Það má segja að Háskólaráð hafi gefið tóninn í þessum efnum því í fundargerð þess frá 5. september sl. kemur fram að stjórnendur allra háskóla eru áhyggjufullir vegna fjárlaga næsta árs og þess hve lítið svigrúm er til að bæta kjör starfsmanna. Í stefnu HÍ vegna starfsársins 2013-2014 segir hins vegar orðrétt í kaflanum um mannaúð: „Áhersla á bætt kjör og aðstöðu starfsfólks skólans“.

Á fundi samráðsnefndar um kjaramál Fh annars vegar og HÍ hins vegar í september sl., var því velt upp hvort hægt væri að fara sömu leið og gert var í kjarasamningsgerð á árinu 2006 þar sem samið var um ákveðið fjármagn í gegnum stofnanasamninga félagsins til að bæta kjör félagsmanna. Fulltrúar HÍ tóku vel í þá hugmynd Fh og ákveðið var að Fh myndi óska eftir sameiginlegum fundi með Samninganefnd ríkisins (SNR) annars vegar og fulltrúum HÍ hins vegar. Sá fundur var haldinn í október sl. og Fh rifjaði upp að ekkert hefði gengið í að virkja samkomulag um samræmt launakerfi háskólamenntaðs starfsfólks opinberu háskólanna eins og samið var um árið 2012. Hægt væri að réttlæta aukið fjármagn í stofnanasamning félagsins m.a. vegna óbættra nemendaígilda sem ríkið hefur ekki greitt HÍ fyrir. Fundurinn var jákvæður að hálfu SNR, sem þó vísaði til þess að ákvörðunin væri hjá menntamálaráðuneytinu og ráðherrum.

Á fundi stjórnar Félags háskólakennara í október 2013 var það mat formanns að erfitt verði að semja um launaleiðréttingar félagsmanna nema með sameiginlegu átaki félagsins og stjórnenda skólans. Á fundinum var ákveðið að:

- i. Boða trúnaðarment til fundar og fara yfir stöðuna með þeim og fá hugmyndir þeirra í kröfugerð félagsins.
- ii. Kennarar í stjórn hittist og ákveði framhald vinnunar við skoðun á mati á kennslu til vinnustunda.
- iii. Óska eftir fundi með menntamálaráðherra.

Á fundi með trúnaðarmönnum í nóvember sl. voru eftirtalin áherslumál sett á oddinn:

- Mikið vinnuálag á kennurum þarf að minnka.
- Mat á kennslu til vinnustunda verði samræmt milli deilda/sviða.
- Samningar verði skýrir og skriflegir.
- Rannsóknir þeirra sem ekki eru akademískir séu verði metnar. Þarf að skoða og laga.
- Stytting vinnuvikunnar.
- Launahækkun.
- Virkja starfsmat á LBS.
- Ferðakostnaður starfsmanna í vettfangferðum á fjöllum verði greiddur.
- Greiðslur fyrir stundakennslu.
- Samkomulag sem undirritað var 10. maí 2012 um áætlun um nýtt samræmt launakerfi háskólamenntaðs starfsfólks opinberu háskólanna verði virkjað.
 - i. Að sami stigafjöldi samkvæmt matskerfi akademískra starfsmanna (háskólakennarar og sérfræðingar) gefi sömu laun, óháð starfsheiti og að öllum akademískum starfsmönnum verði varpaði í sömu launatöflu.
 - ii. Laun starfsmanna stjórnarsýslu skóla verði skoðuð og samhæfð launaum akademískra starfsmanna eins og kostur er.
 - iii. Skýra og skilgreinalauna röðun og réttindastöðu framhaldsnema (styrkþega).
 - iv. Ný launasetning verði innleidd í skrefum samkvæmt nánari samkomulagi.
 - v. Styðja og styrkja stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins um samstarf opinberra háskóla og samráð þeirra í milli til hagræðingar og aukinna gæða.

Þann 21. nóvember sl. var undirritað viðræðuáætlun Félags háskólakennara annars vegar og SNR hins vegar. Stjórn félagsins ákvað á fundi sínum í desember sl. að vera í samfloti með stéttarfélögum innan BHM í komandi kjarasamningum en halda þeim möguleika opnum að draga samningsumboðið til baka ef málin þróast þannig að ekki verði unnið að sérmálum félagsins. Ekki megi draga úr möguleika félagsins að grípa til séraðgerða ef á þarf að halda.

SNR dró lappinar í að boða Félag háskólakennara til fundar vegna kjarasamningsgerðar. Fyrsti fundur var ekki boðaður fyrr en 3. febrúar síðastliðinn. Á fundinum fór SNR yfir samningsforsendur sínar þar sem í boði var hækkunin sem almenni markaðurinn samdi um í desember. Félag háskólakennara ítrekaði kröfur sínar um sömu laun fyrir sömu stig og sagði jafnframt frá því að félagið væri tilbúið til að beita verkfallsvopninu ef á þyrfti að halda. Félagið hafi sýnt mikla þolinmæði í þeim niðurskurði sem átt hefur sér stað hjá HÍ undanfarin ár. Mælirinn væri hins vegar fullur nú. Félagið væri enn fremur tilbúið til að finna leiðir til kauphækkana í gegnum stofnansamninginn t.d. vegna óbættra nemendaígilda. Á fundi þann 12. febrúar sl. ítrekaði félagið kröfur sínar og lagði fram ýmis gögn því til stuðnings. SNR sagði að ekkert væri á borðinu nema það sem samið var um hjá almenna markaðinum.

Stjórn Félags háskólakennara boðaði til almennra félagsfunda á tímabilinu 27. feb. til 5. mars. til að fara yfir stöðu mála á öllum sviðum skólans og Landsbókasafni. Þrátt fyrir að þátttaka félagsmanna hefði mátt vera meiri á fundunum þá var ljóst að félagsmenn eru þreyttir á lélegum launum og tilbúnir til aðgerða.

Stjórn félagsins ákvað því á fundi sínum í mars að leita eftir heimild félagsmanna til verkfallsboðunar. Ákveðið var að hafa atkvæðagreiðsluna rafræna á tímabilinu 17. – 21. mars og að verkfall yrði boðað á tímabilinu 25. apríl til 10. maí að báðum dögum meðtöldum, sem er prófatímabil í HÍ. Þá var einnig ákveðið að skipa í kjörstjórn.

Stjórn Félags prófessora sendi stuðningsyfirlýsingu vegna aðgerða Félags háskólakennara í kjaramálum þann 19. mars sl.

Kjörstjórn kom saman laugardaginn 22. mars og opnaði fyrir niðurstöður atkvæðagreiðslunnar. Á kjörskrá voru 920 félagsmenn, þátt tóku 65,9%. „Já“ sögðu 502 eða 82,8% af greiddum atkvæðum og „nei“ sögðu 104 eða 17,2% af greiddum atkvæðum. Niðurstaða um boðun verkfalls var afgerandi.

Formaður saminganefndar ríkisins hafði strax samband við formann félagsins í kjölfar úrslitanna og fundur samninganefnda var ákveðinn eftir helgina. Á fundinum var ákveðið að skipa starfshóp með fulltrúum Fh, fjármálaráðuneytisins, menntamálaráðuneytisins og HÍ. Starfshópnum var falið að leita leiða til fjárauka til HÍ sem yrði notaður til að fjármagna launabætur fyrir skólann og stofnana. Fundur var haldinn með rektor skólans sem lýsti yfir þungum áhyggjum um mögulegt verkfall og lofaði að beita áhrifum sínum.

Stjórn félagsins skipaði fulltrúa í verkfallsstjórn og þá var einnig ákveðið með hvaða hætti úthlutun úr verkfallssjóði yrði, ef kæmi til verkfalls.

Eftir fund með SNR í byrjun apríl var ljóst að fjármálaráðherra og menntamálaráðherra gáfu samþykktu sitt fyrir því að koma á móts við HÍ í bættum nemendagildum til að leiðrétta kjör félagsmanna Félags háskólakennara. Vinna starfshóps ráðuneytanna beggja, HÍ og Fh hafði skilað sér.

þann 16. apríl sl. var skrifað undir miðlægjan kjarasamning milli félagsins og fjármálaráðuneytisins annar vegar og stofnanasamninga milli félagsins og stofnana þar sem félagsmenn starfa hins vegar.

Helstu atriði nýs kjarasamnings Félags háskólakennara annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar undirrituðum 16. apríl 2014 eru:

Samningstími: 1. mars 2014 – 30. apríl 2015

Launatafla hækkar um 2,8% frá og með 1. mars. 2014 .

Eingreiðsla kr. 14.600 mv. fullt starf vegna febrúar 2014

Persónuuppbót/desemberuppbót 2014 kr. 73.600

Orlofsuppbót 2014 kr. 39.500

Eingreiðsla 1. apríl 2015, kr. 20.000 mv. fullt starf.

Forsendur þess að skrifað var undir miðlægjan kjarasamning við fjármálaráðherra voru þær að gerðar voru breytingar á grunnröðun í stofnanasamningum félagsins annars vegar og stofnunum hins vegar. Þær eru Háskóli Íslands, Stofnun Árna Magnússonar, Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn, Tilraunastöðin að Keldum og Raunvísindastofnun. Helstu breytingar á stofnanasamningunum eru þær að allir félagsmenn hækka út á hægri ás launatöflunnar.

Andvirði stiga úr Vinnumatssjóði verða hér eftir reiknuð á sama verðgildi fyrir alla akademíska starfsmenn. Vinnumatssjóður FH verður þó áfram sérstakur sjóður og þröskuldur 7 stig.

Haldnir voru samtals tíu kynningarfundir um nýja samninga á öllum sviðum skólans og stofnunum þar sem félagsmenn starfa. Mæting á kynningarfundina var mjög góð og miklar umræður sköpuðust.

Í atkvæðagreiðslu um kjarasamninginn sem haldin var dagana 30. apríl til 6. maí var niðurstaðan afgerandi. Á kjörskrá voru 960 félagsmenn. Þátt í atkvæðagreiðslunni tóku alls 532 félagsmenn eða 55,4%. „Já“ sögðu 475 eða 89,3% af greiddum atkvæðum og „nei“ sögðu 36 eða 6,8% af greiddum atkvæðum, 21 skiluðu auðu.

Með undirritun og samþykkt þessara samninga er ljóst að meginkröfur félagsins um að sömu stig ættu að gefa sömu laun, að laun starfsmanna stjórnarsýslu HÍ verði samhæfð launum akademískra starfsmanna og leiðrétting launa félagsmanna starfandi á stofnunum náðust. Því ber að fagna.

Á vettvangi samráðsnefndar félagsins og HÍ hefur auk kjaramála verið unnið að skoðun á mati á kennslu til vinnustunda. Félagið fékk til skoðunar gögn vegna þess fyrir árið 2012. Kennarar í stjórn félagsins hafa tekið virkan þátt í þessari skoðun og þessi vinna er enn í gangi. Beðið er eftir uppgjöri vegna þessa fyrir árið 2013. Ljóst má vera að þetta málefni verður ofarlega á baugi hjá stjórn félagsins á næsta starfsári. Þá hefur einnig verið unnið í samráðsnefnd að endurskoðun á málefnum aðjúnkta starfandi við HÍ. Nokkur einstaklingsmál hafa einnig verið á borði samráðsnefndar sem hafa verið leyst farsælega.

Formaður Félags háskólakennara hefur sótt fundi formannaráðs BHM í samræmi við ný lög bandalagsins.

Bandalagið stóð fyrir kjarakönnun á árinu sem tókst vel. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar lítilliga á aðalfundi BHM 30. apríl sl. en niðurstöður verða kynntar þegar þær liggja fyrir. Fyrirtækið Maskína sér um könnunina.

Félag háskólakennara tók þátt samfloti aðildarféлага BHM í gerð kjarasamninga framan af og í sameiginlegum kjarafundum bandalagsins á vormánuðum 2014.

Stjórnarmenn úr Félagi háskólakennara á Akureyri komu til fundar við stjórn Félags háskólakennara í desember 2013 auk þess sem formaður FH fundaði með FHA á Akureyri í aðdraganda kjarasamninga. Meðal annars var rætt um:

- Með hvaða hætti samflot félaganna ætti að vera með BHM.
- Staða Fh með SNR.
- Nýtt fyrirkomulag skilgreindra stjórnunarstarfa kennara í Fh við HÍ sem taka á gildi 1. janúar 2014.
- Sameiningarmál félaganna. Stjórn FHA sér ekkert því til fyrirstöðu að félögin sameinist. Þó þarf að svara spurningum um framtíð SKREF og vinnumatssjóðs FHA. Hægt væri að leysa ýmis mál í stofnanasamningur við HA eins og Fh gerir við aðrar stofnanir. FHA mun halda félagsfund og taka ákvörðun um sameiningu og framkvæmdastjórar félaganna munu skiptast á gögnum.
- Ákveðið var að félögin munu hafa náíð og gott samstarf í komandi kjarasamningum.

Með nýgerðum kjara- og stofnanasamningum félagsins að viðbættum launabótum og hagræðingaraðgerðum á síðasta samningstímabili er ljóst að hagur og kjör félagsmanna hafa batnað verulega. Fullyrða má að FH hafi skotist fram fyrir fjölda annarra féлага innan BHM og langt um fram þau kjör sem almennt bjóðast í samningum nú á vordögum. Sem dæmi má taka að grunnlaun félagsmanna í fjölmönnum í launaflokki L12 hafa hækkað um 97.000 kr á mánuði á tæplega 3 ára tímabili eða tæplega 20%. Þó er ljóst að halda verður áfram á sömu braut. Minnt er á að í stofnanasamningi nú fékkst fram að ávallt skuli greiða sömu laun fyrir sömu stig framvegis og á það að veita tryggingu fyrir því að okkar félagsmenn dragist ekki aftur úr í launamálum. Fyrirnefnd skoðun á mati á vinnu til kennslustunda og mismunandi fyrirkomulagi

Þeirra mála eftir sviðum verður eitt mikilvægasta viðfangsefni næstu stjórnar félagsins, enda ljóst að falin mismunun á sér þar hugsanlega stað. Málefni stundakennara og aðjúnkta II verða einnig ofarlega á dagskrá og mikilvægt að finna framtíðarlausn á málefnum þeirra. Að lokum er bent á að samningar verða lausir á nú í lok apríl 2015 og mál að hefja undirbúning fyrir þá lotu við fyrsta tækifæri.

Fráfarandi stjórnarmönnum voru þökkuð vel unnin störf í þágu félagsins, sitjandi stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra þakkað samstarfið.

2. Ársreikningur.

Ragna Steinardóttir gjaldkeri stjórnar, lagði fram og kynnti endurskoðaða reikninga félagsins ársins 2013. Hagnaður á rekstrarárinu nam tæpum 1,8 milljónum króna. Eignarstaða félagsins er einnig mjög góð og nemur handbært fé í árslok tæpum 30 milljónir króna og kjaradeilusjóður á eignir sem nema rúmum 97 milljónum króna.

Fundarstjóri bar upp árskýrslu stjórnar til samþykktar og var hún samþykkt einróma. Þá bar fundarstjóri ársreikninginn upp til samþykktar og var hann samþykktur einróma.

3. Tillögur um árgjald.

Með fundarboði um aðalfund Félags háskólakennara kom fram að stjórn félagsins myndi leggja fram tillögu til aðalfundar um lækkun félagsgjalda. Tillagan er svona:

„Tillaga stjórnar Félags háskólakennara leggur til að félagsgjöldin lækki úr 0,7% í 0,6% af dagvinnulaunum.“

Fundarstjóri bar upp tillögu um lækkun félagsgjalda og var hún samþykkt einróma.

4. Tillögur til lagabreytingar.

Í samræmi við 8. grein laga Félags háskólakennara hafði stjórn félagsins borist tillögur að lagabreytingum sem auglýstar voru með fundarboði. Þær eru eftirfarandi:

“Til stjórnar Félags háskólakennara

Stefán Hrafn Jónsson dósent leggur til eftirfarandi breytingar á núgildandi lögum Félags háskólakennara. Stefán óskar eftir því að kosið sé um hverja og eina tillögu sérstaklega. Breytingartillögur eru númeraðar með rómverskum tölum til að aðgreiningar frá númerkerfi núgildandi laga. Rökstuðningur fylgir.

I. Heiti félagsins breytist. 1. grein hljóði svo.

1. grein Félagið heitir: Félag háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

Aðrar greinar sem vísa í nafn félagsins breytast á tilheyrandi hátt.

II. Boðun aðalfundar. 4. Grein hljóði svo:

4. grein. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda í síðasta lagi í maí ár hvert. Skal til hans boðað með minnst þriggja vikna fyrirvara og er hann þá lögmætur. Dagskrá og tillögur um lagabreytingar, ef fram koma, skulu sendar félagsmönnum viku fyrir

aðalfund. Á aðalfundi ræður afl atkvæða í öllum málum nema þeim, sem snerta breytingu á lögum félagsins. Til lagabreytinga þarf 2/3 atkvæða þeirra, sem á fundi eru og greiða atkvæði.

IIB. 8. grein breytist til samræmis.

8. grein

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til stjórnar eigi síðar en tveim vikum fyrir aðalfund, og skal þess þá getið sérstaklega með dagskrá viku fyrir aðalfund að tillaga til lagabreytinga verði tekin til meðferðar á fundinum og efni hennar lýst.

III Breyting á 10. grein skal lagfærð.

Úr 10. grein fellur brott svohljóðandi ákvæði: „Félagsfundur getur vikið manni úr félaginu, ef efni þykja standa til.“

Þá hljóði 10. Grein í heild sinni svo:

10. grein

Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins með þeim takmörkunum, sem lög þessi setja. Stjórn félagsins skal jafnan að meirihluta skipuð starfsmönnum í fullu og föstu starfi. Sérstök samninganefnd hefur með höndum kjarasamninga fyrir hönd félagsins í umboði stjórnar. Samninganefndin skal kosin á aðalfundi til eins árs í senn.

IV. Ný lagagrein.

N1. Allar ákvarðanir stjórnar, formanns og samninganefndar sem hafa áhrif á laun eða starfsskyldur félagsmanna skal vísað til félagsmanna og vera samþykktar með meirihluta atkvæða til að öðlast gildi. Ákvarðanir sem sérstaklega snúa að starfi tiltekinna skilgreindra undirhópa félagsmanna skal vísað til þess hóps sérstaklega og vera samþykktar með meirihluta atkvæða þeirra til að öðlast gildi.

V. Ný lagagrein.

N2. Félagið skal aldrei veita eða greiða áfengi fyrir stjórn, félagsmenn eða gesti þeirra.

VI. Ný lagagrein.

N3. Fundargerðir stjórnar verði birtar á vef félagsins. Ef stjórn fjallar um málefni einstakra félagsmanna eða skipuleggur aðgerðir og útspil í kjarabaráttu skal það fært til bókar utan fundargerðar en vísað í það í fundargerð á tilheyrandi hátt. “

Stefán Hrafn Jónsson kom upp í pontu og gerði grein fyrir öllum tillögum sínum og ítrekaði að þær væru ekki ádeila á stjórn, heldur einungis hugsaðar til að skýra lög félagsins.

Jörundur Guðmundsson kom næstur upp í pontu og sagði að vissulega væri nafn félagsins ekki réttnefni í dag miðað við þau starfsheiti sem notuð eru meðal félagsmanna. Þá hefði nafn félagsins flækst fyrir í þeirri fjölmiðlaumræðu sem átti sér stað vegna verkfallsboðunarinnar. Hins vegar væri þetta gamalt heiti sem á sér langa sögu. Stjórn þyrfti tíma og ráðrúm til að skoða breytingu á nafni félagsins frekar. Það væri sjálfsagt mál að skoða tillögu um að lengja tíma um boðun aðalfundar og einnig tillögu um að fella úr 10. grein laganna, að hægt er að víkja félagsmanni úr félaginu. Það væri hins vegar erfitt að samþykkja nýja grein í lög félagsins um að vísa öllum

ákvörðunum stjórnar til félagsmanna. Breyting á stofnanasamningum, eru m.a. samkvæmt kjarasamningum gerðir og unnir undir friðarskyldu. Ekki væri rétt að hafa í lögum félagsins bann um veitingu áfengis og nú þegar eru fundargerðir stjórnar birtar á heimasíðu félagsins og því óþarft að færa þá tillögu inn í lög félagsins. Hvort tveggja ætti hins vegar heima undir starfsreglum stjórnar.

Jörundur leggur til að tillögurnar að lagabreytingu félagsins verði vísað til stjórnar félagsins. Stjórn félagsins myndi í kjölfarið skipa sérstaka laganefnd sem tæki þær til meðferðar ásamt lögum félagsins í heild sinni. Laganefndin kæmi með tillögu að breytingum á lögum félagsins á næsta aðalfundi félagsins.

Stefán Hrafn Jónsson mótmælti þessari tillögu formanns og sagði að með samþykki hennar væri farið fram með ólýðræðisleg vinnubrögð.

Fundartjóri bar upp þá spurningu til fundarmanna hvort þeir vilji ganga til umræðna um allar fyrirbyggjandi tillögur SHJ að lagabreytingum félagsins. Það var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Fundarstjóri sagði að frávísunartillaga formanns yrði borin upp á eftir umræðunum í anda fundarskapa.

Fyrst til máls tók Berglind Rós Magnúsdóttir. Hún þakkaði Stefáni Hrafn fyrir að koma með tillögur að lagabreytingum og að skapa umræður um lögina. Hún sagðist vilja lengri tíma í nafnabreytingu á félaginu og hugsanlega væri hægt að halda samkeppni meðal félagsmanna um hana. Hún sagði að rétt væri að taka næsta ár til skoðunar á því. Hún telur ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja tillögu um boðun aðalfundar. Hún setur hins vegar spurningarmerki um tillöguna um breytingu á 10. grein laganna, um að hægt sé að víkja félagsmanni úr félaginu og spyr hvernig það hljómar við reglur síðanefndar HÍ. Hún telur rétt að stjórn setji sér starfsreglur vegna efnisatriða í tillögum að nýjum lagagreinum. Eftir stendur því að tillaga I um nafnabreytingu þurfi lengri tíma en hægt væri að samþykkja tillögu II strax.

Stefán Hrafn Jónsson vísar í orðalag 8. greinar félagsins þar sem segir að tillögur að lagabreytingum eigi að taka til meðferðar á aðalfundi. Hann er ósáttur við að hægt er að vísa í reglur um fundarsköp, þegar greinin er skýr hvað þetta varðar.

Elsa Erlingsdóttir spyr hvers vegna ekki væri hægt að samþykkja nýja lagagrein (tillaga IV) um að allar ákvarðanir stjórnar verði vísað til félagsmanna. Jörundur Guðmundsson svaraði því til að erfitt væri að upplýsa um allt sem gerist á samráðsnefndarfundum og ítrekaði að breytingar á stofnanasamningum eru unnar undir friðarskyldu.

Fundarstjóri tók til máls og sagði að allar tillögur SHJ yrðu teknar til meðferðar sbr. 8. grein laga félagsins, hún er æðri en reglur um fundarsköp.

Ragna Steinarsdóttir tók til máls og sagði sjálfsagt mál að breyta lögum í anda tillögu II, um boðun aðalfundar. Hins vegar þyrfti lengri tíma til að skoða hinar tillögurnar.

Sighvatur Sævarsson tók til máls og sagðist vera sammála bæði Berglindi Rós og Rögnu, um að það væri í lagi að breyta tíma um boðun aðalfundar. Hinar tillögurnar þyrftu lengri tíma til skoðunar, sérstaklega nafnabreyting á félaginu. Hann vill að skoðað verði mjög vel hvort ekki ætti að kjósa um stofnanasamninga.

Stefán Hrafn Jónsson vildi þakka fyrir góðar ábendingar um nafn félagsins og ítrekaði þá skoðun sína að bera ætti allar ákvarðanir stjórnar undir félagsmenn.

Jörundur Guðmundsson sagði það þyrfti að skoða mjög vel og fara yrði að lögum um réttindi og skyldur, ásamt lögum um kjarasamninga. Stjórn þyrfti meira andrými til að skoða breytingu á verklagi í ákvörðunum stjórnar.

Fundarstjóri tók til máls og sagð að það væri gott ef stjórn félagsins setti sér siða- og starfsreglur um hin ýmsu mál, en þær þyrftu ávallt að fara eftir lögum og reglum hverju sinni.

Fundarstjóri bar upp tillögu II, um boðun aðalfundar, breyting á 4. og 8. grein félagsins.

Grein 4 verði: *“Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda í síðasta lagi í maí ár hvert. Skal til hans boðað með minnst þriggja vikna fyrirvara og er hann þá lögmaður. Dagskrá og tillögur um lagabreytingar, ef fram koma, skulu sendar félagsmönnum viku fyrir aðalfund. Á aðalfundi ræður afl atkvæða í öllum málum nema þeim, sem snerta breytingu á lögum félagsins. Til lagabreytinga þarf 2/3 atkvæða þeirra, sem á fundi eru og greiða atkvæði.”*

Grein 8. verði:

“Tillögum um lagabreytingar skal skilað til stjórnar eigi síðar en tveim vikum fyrir aðalfund, og skal þess þá getið sérstaklega með dagskrá viku fyrir aðalfund að tillaga til lagabreytinga verði tekin til meðferðar á fundinum og efni hennar lýst.”

Lagabreytingarnar voru samþykktar einróma.

Fundarstjóri bar upp tillögu að breytingu á 10. grein laga Félags háskólakennara.

Grein 10. verði:

“Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins með þeim takmörkunum, sem lög þessi setja. Stjórn félagsins skal jafnan að meirihluta skipuð starfsmönnum í fullu og föstu starfi. Sérstök samninganefnd hefur með höndum kjarasamninga fyrir hönd félagsins í umboði stjórnar. Samninganefndin skal kosin á aðalfundi til eins árs í senn.”

Lagabreytingartillagan var samþykkt með 16 atkvæðum fundarmanna.

Fundarstjórnin bar upp tillögu að breytingu á 1. grein laga félagsins, um nafn.

Grein 1 verði:

“Félagið heitir: Félag háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.”

Lagabreytingartillagan var felld með meirihluta atkvæða fundarmanna.

Grein 1 í lögum Félags háskólakennara er óbreytt svo: *“Félagið heitir Félag háskólakennara. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.”*

Fundarstjóri bar upp tillögu að nýrri lagagein í lögum Félags háskólakennara:

Grein N1 hljóði svo: *“Allar ákvarðanir stjórnar, formanns og samninganefndar sem hafa áhrif á laun eða starfsskyldur félagsmanna skal vísað til félagsmanna og vera samþykktar með meirihluta atkvæða til að öðlast gildi. Ákvarðanir sem sérstaklega snúa að starfi tiltekinna*

skilgreindra undirhópa félagsmanna skal vísað til þess hóps sérstaklega og vera samþykktar með meirihluta atkvæða þeirra til að öðlast gildi.

“Já” sögðu 3, “nei” sögðu fleiri og því var tillagan ekki samþykkt.

Stefán Hrafn Jónsson bað um orðið og vildi gera gein fyrir atkvæði sínu. Hann beindi því til stjórnar félagsins að skoða mjög vel þessa tillögu og umræður sem sköpuðust um hana á aðalfundinum.

Fundarstjóri bar upp tillögu að nýrri lagagrein í lögum Félags háskólakennara.

Grein N2 hljóði svo: „*Félagið skal aldrei veita eða greiða áfengi fyrir stjórn, félagsmenn eða gesti þeirra.*“

“Já” sögðu 4, “nei” sögðu fleiri og því var tillagan ekki samþykkt.

Fundarstjóri bar upp tillögu að nýrri lagagrein í lögum Félags háskólakennara.

Grein N3 hljóði svo: “*Fundargerðir stjórnar verði birtar á vef félagsins. Ef stjórn fjallar um málefni einstakra félagsmanna eða skipuleggur aðgerðir og útspil í kjarabaráttu skal það fært til bókar utan fundargerðar en vísað í það í fundargerð á tilheyrandi hátt.*“

“Já” sögðu 4, “nei” sögðu fleiri og því var tillagan ekki samþykkt.

Fundarstjóri bar upp lög félagsins í heild sinni, með þeim breytingum sem samþykktar voru.

Lög Félags háskólakennara með þeim breytingum sem samþykktar voru á aðalfundi 27. maí 2014, voru samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri vildi beina því til nýrrar stjórnar félagsins, að taka til greina þær umræður og athugasemdir fram komu í umræðum um lagabreytingatillögurnar.

5. Kosning stjórnar.

Tillaga kjörnefndar um formann og aðra stjórnarmenn lá fyrir eftirfarandi:

„Formaður kjörinn til eins árs:

Jörundur Guðmundsson, forstöðumaður Háskólaútgáfan.

Aðrir í stjórn til tveggja ára:

Berglind Rós Hákonardóttir, lektor menntavísindasvið..

Helgi Áss Grétarsson, dósent lagadeild.

Michael Dal, lektor menntavísindasvið.

Í stjórn til eins árs:

Guðmundur Ingi Guðmundsson, Landsbókasafni – háskólabókasafni.

Fundarstjóri gerði grein fyrir stjórnarkjöri. Félagsmönnum var sendur póstur þar sem þeir voru hvattir til að bjóða sig fram til stjórnar Félags háskólakennara og senda framboð til kjörnefndar félagsins. Eitt framboð kom fram til formanns og fjögur til annarra stjórnarmanna. Stefán Hrafn

Jónsson sem kosinn var til stjórnar félagsins á árinu 2013 til tveggja ára, sagði sig úr stjórn Félags háskólakennara, vegna kosningu til Háskólaráðs. Samkvæmt lögum félagsins er formaður kosinn til eins árs en þrír í stjórn til tveggja ára. Lagt er til að einn meðstjórnenda verði kosinn til eins árs í stað Stefáns Hrafns. Aðrir í stjórn sem kosnir voru á aðalfundi 2013 eru Baldvin Zarióh, deildarstjóri á vísinda- og nýsköpunarsviði, og Ármann Höskuldsson, vísindamaður Raunvísindastofnunar.

Borin var upp tillaga um Jörund Guðmundsson til formanns til eins árs. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Borin var upp tillaga um meðstjórnendur til tveggja ára. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Borin var upp tillaga um meðstjórnanda til eins árs. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

6. Kosning kjörnefndar.

Tillaga stjórnar um kjörnefndar lá fyrir eftirfarandi:

Kjörnefnd:

Kristín Harðardóttir.

Sverrir Guðmundsson

Sigríður Jónsdóttir.

Engin mótframboð komu fram og tillaga stjórnar var samþykkt með lófaklappi.

7. Kosning skoðunarmanna reikninga.

Tillaga stjórnar um skoðunarmenn reikninga lá fyrir eftirfarandi:

Skoðunarmenn reikninga:

Sigríður Jónsdóttir og Íris Davíðsdóttir.

Engin mótframboð komu fram og var tillaga stjórnar samþykkt.

8. Kosning samninganefndar.

Tillaga stjórnar um samninganefnd er sú að auk stjórnar skipi trúnaðarmenn félagsins samninganefnd. Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögunni og fram kom að samkvæmt hefð væru trúnaðarmenn í samninganefnd félagsins. Hugsunin með því er sú að hafa góðan bakhóp í nefndinni. Fundarstjóri sagði frá því að þrátt fyrir að aðalfundur kjósi samninganefnd væri ekkert því til fyrirstöðu að kalla til aukamenn í nefndina.

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál.

Að lokum þakkaði Jörundur Guðmundsson formaður félagsins, stjórnarmönnum sem eru að ganga úr stjórn fyrir gott samstarf á liðnum árum og bauð nýja stjórnarmenn velkomna. Formaður þakkaði að lokum fundarmönnum fyrir komuna og traustið sem honum var sýnt.

Fundarstjóri sleit fundi.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:00.

Helga Birna Ingimundardóttir, fundarritari.

